

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 286/2024

2025/EES/25/35

frá 6. desember 2024

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir
og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2151 frá 17. desember 2020 um reglur um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar á einnota plastvörum sem eru tilgreindar í D-hluta viðaukans við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9dc (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/162) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„9dd. **32020 R 2151**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2151 frá 17. desember 2020 um reglur um samræmdar nákvæmar skilgreiningar um merkingar á einnota plastvörum sem eru tilgreindar í D-hluta viðaukans við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið (Stjtið. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 57).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2020/2151, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. desember 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. desember 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 428, 18.12.2020, bls. 57.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.